

Álftanes

Ari Gíslason skráði.

Jörð í Álftaneshreppi, næst vestan við Miðhús; sá bær, sem hreppurinn er kenndur við, og stærsta jörð sveitarinnar. Er fyrst getið í Landnámu og oft síðar. Verður hér ekki rakin saga býlisins. Kirkja er komin þar fyrir 1200. Verður nú gerð nokkur grein fyrir hjáleigunum:

Tangi (1): Sagt er 1709, að hún hafi verið byggð um langan aldur; enn er hún talin 1861, en 1932 ekki nefnd. Þetta býli var suður frá Álftanesi.

Einarsneskot (2), sagt 1709, að hafi verið byggt um langan aldur; er farið úr byggð 1840. Var nær bæ en Tangi, aðeins austar.

Kvíslhöfði (3), 1709 talin byggð yfir 70 ár, og er eina hjáleigan, sem enn er byggð. Er austur frá bæ, austur við Kvíslina, sem er á merkjum móti Miðhúsum.

Fornasel (4). 1709 talin byggð fyrir meir en 80 árum á fornu selstæði. Er talin 1861 og svo 1932. Er norðan við Grunnvatn, er síðar getur.

Sandhús (5), byggð 1709 fyrir manna minni. Er 1804 talin eyðihjáleiga, **Sauðhús** (6), sem hlýtur að vera það sama.

Siggusel (7). Sagt er frá því 1709, að það hafi verið byggt fyrir meir en 70 árum. Fór í eyði í Stórubólu. Er nefnd 1861 og 1932. Það er norðaustur frá Fornaseli, er fyrir getur.

Nauthólar (8) voru ekki til 1709, en eru til 1840 og 1861 en 1932 ekki nefndir.

Svo koma hér fleiri kot:

Staðarstekkur (9) (**Staðarbakki** (10)) er byggður á fornu stekkjastæði 1695, og stóð byggðin til 1706.

Arnarbæli (11) var byggt í heimatúni fyrir manna minni 1709, fór í eyði 1693; haldið var 1709, að þetta væri sama og **Tóatóftir** (12) í túninu, þó ekki væri það vitað.

Kvígindiskot (13) (í hdr. Kvíyndiskot), munnmæli herma, að þar hafi verið byggð. Var selstaða um 1680 í tvö ár, svo fjárhús.

Kóranes (14), forn sjómannaþúð. Þar bjó fátæk ekkja 1700-1707, að bólan gekk.

Þess skal geta, að Kvíslhöfðinn, sem er nú einn eftir sem sjálfstætt býli, er hér tekinn með, því allt er sameiginlegt, nema túnin.

Upplýsingar um örnefni gaf bóndinn þar, Haraldur Bjarnason, og Guðmundur Sveinbjarnarson í Borgarnesi.

Jörðin er nokkuð stór og nær alla leið upp að Hólsvatni, en bærinn er sunnarlega í landi jarðarinnar, alveg suður á sjávarbakka. Verður nú byrjað upp við Hólsvatn að austanverðu og haldið heim á leið.

Til að byrja með förum við þá upp að **Hólsvatni** (15), sem þar er á merkjum nyrzt í landinu. Lítill hóll er austarlega með vatninu á merkjum móti Miðhúsum og heitir **Kænuhóll** (16). Þar var bátur geymdur áður fyrr. Þar suður af, suðvestur af suðurenda Hólsvatns, er **Ból** (17). Einu sinni var þetta svæði nefnt **Bólheiði** (18). Þetta er holtarani og borgir, mishæðótt og frekar lítill gróður. Nyrzt í Bólinu er há borg, er heitir **Stekkjargborg** (19). Þar sér örla fyrir ævagömlum stekkjarrústum. Neðar í Bólinu er lægð, sem heitir **Kúaskarð** (20). Syðsti hluti Bólsins heitir svo **Tangaás** (21), og við suðurenda hans er Tangatjörn, en hún er öll í Miðhúsalandi. Merkin eru eftir austasta holtarana Bólsins, frá Tangaás í Kænuhól. Vestur af Tangaás sunnarlega er hjáleigan Siggusel, og Kúaskarðið er í Bólinu til suðausturs frá Sigguseli. En milli Bólsins og Siggusels er lítið holt, er heitir **Lokkuholt** (22). Það dregur nafn af kind. Suður af því er annað holt, er heitir **Móholt** (23), og enn í sömu átt til suðurs eru kúlulöguð holt, er heita **Kúluásar** (24). Rétt norðanvert við bæinn í Sigguseli er klettur, er heitir **Háistapi** (25).

Kúluásarnir eru suðaustur frá bænum; norður af Háastapa er annar stapi, er heitir **Fúkkastapi** (26), sem er austanvert við Bólkeldu, er bráðum verður getið.

Við skulum fara upp að Hólsvatni aftur og litast þar betur um. Norðan við Bólið eru úti í vatninu þrír litlir hólmar, er nefnast **Púfur** (27). Vestar gengur tangi fram í vatnið, er heitir **Staðartangi** (28), og fram af honum úti í vatninu er hólmi, er heitir **Staðarhólmi** (29). Rétt hjá Staðartanga við vatnið er ás, sem heitir **Kríuás** (30). Ofan úr Hólsvatni liggur kelda vestanvert við Siggusel, er heitir **Bólkelda** (31). Þetta er ægilegt foræði. Úr henni kemur lækur, er heitir Kolalækur, og síðar getur. Í norðvestur frá Sigguselsbæ, vestan við Bólkeldu, eru holt, nefnd **Mjaltásar** (32), og beint norður frá Sigguseli, og vestan við Bólkeldu og Kríuás er **Jónsás** (33). Mjaltaás (svo) er eiginlega norðvestur frá bæ, en Kúluásar fyrrnefndu suðaustur frá bæ. Þá er vestar, upp við vatn, suðvestur úr vatninu, slægjuland, sem heitir **Álftanesveita** (34), og suðaustan við **Veituna** (34a) er ás, sem heitir **Veituás** (35). Annar ás suðvestur af honum heitir **Vindás** (36). Vestur af Jónsás eru loks tveir ásar, sem heita **Engjaásar** (37).

Vestur af Sigguseli er býlið **Fornasel** (38). Það er við norðanvert Eystra-Grunnavatn, sem síðar getur. Lítið holt er milli bæjanna, er heitir **Vinaminni** (39). Þetta nafn er 50-60 ára. Þá voru nágrannadrengir í Sigguseli og Fornaseli, Ísleifur og Þorsteinn Steingr.; þeir léku sér saman og skildu oft á þessu holti, þegar þeir höfðu fylgt hvor öðrum.

Kúluásar eru suður af Sigguseli, vestur af Tangatjörn. Bólkeldan rennur í læk, eins og fyrr segir, sem heitir **Kolalækur** (40); verður til úr keldunni, og þar heitir **Lækjarbotn** (41). Lækur þessi rennur í **Eystra-Grunnavatn** (42), er síðar verður betur gerð grein fyrir. Norðan við Lækjarbotninn er lítið holt, sem heitir **Kjóaklöpp** (43). Vestur undir Fornaseli er klettaás, er heitir nú **Fornaselsás** (44), en mun hafa heitið **Kolás** (45), áður en byggt var þarna. Við hann og vatnið suðaustan við Kolás er jarðfall, er liggur í vatnið, og heitir það **Áskelda** (46). Suður af Sigguseli eru þrjú holt í röð, er heita svo: Næst bæ er **Orfholt** (47), þá **Narfaholt** (48), og vestast af þeim er **Ingusel** (49). Það er stærsta holtið af þessum þrem og grasi gróíð. Sunnan við Kolalækjarós gengur tangi út í Eystra-Grunnavatn. Fremst í honum er klettahnúður. Þessi tangi heitir **Langitangi** (50).

Lítið holt er austur af Grunnuvötnum. Það heitir **Gránuvarða** (51). Þetta er klettastapi, en aðeins suðaustur af honum er Inguselið fyrrnefnda. Þar austur af eru allöng holt, er heita **Snöggholt** (52). Þess skal og geta, að þar eru merkin og að við Inguselið er einnig talað um **Inguselsholt** (53) og harðvellisbakki er þar frá Snöggholtum, er heitir **Inguselsbakki** (54). Norðvestur af bakkanum er Inguselið. Norður af Inguselsbakka er mýrarflói upp að Kúluásum og Sigguselstúni. Þessi flói er nafnlaus. Suðvestur af Inguseli var stapi, einn sér í mýrinni, er heitir **Stelpustapi** (55).

Stærsta vatnið, sem er í landi Álftaness, er **Grunnurvötn** (56). Hefur eystra vatnið fyrr verið nefnt, en hitt er nefnt **Vestra-Grunnavatn** (57), og eiðið milli þeirra er graslendi, sem nefnt er **Eiði** (58). Neðanvert við eystra vatnið er ás, sem heitir **Kríuás** (59), og **Kríuáshólmar** (60) eru nokkrir smáhólmar í eystra vatninu. Vestur með vatninu sunnanverðu eru **Mjósundaholt** (61). Suður af Mjósundaholtum, suðaustur frá vatninu, er gamall stekkur, er heitir **Tangastekkur** (62). Vestur af honum er **Sláttuhóll** (63), og vestan við hann er **Slátthólsrimi** (64), sem er afmarkaður af skurðum og lækjum úr vestra vatninu. Þessi lækur heitir **Barkarlækur** (65), er svo rennur í Sauðhúsvog, er síðar getur.

Nú er að fara aftur austur að **Snöggholtum** (66). Vestan við holtin er stór mýrarfláki, sem heitir **Flaga** (67) eða **Óskipta** (68). Þetta nær frá Snöggholtum vestur að **Reiðholti** (69) og **Reiðholtasundi** (70), norður að Inguselsbakka og suður að grónum sandrima, en graslitlum. Nafn sitt hefur þetta svæði af því, að þarna máttu kotin slá eftir vild. Reiðholtið er lágt, og sundið er til vinstri, þegar farið er frá Snöggholtum til Álftaness.

Við suðurendann á Snöggholtum er **Torfstapi** (71). Hann er á merkjum. Staparnir eru tveir. Hinn er vanalega nefndur **Tögl** (72). Torfstapi er á merkjum móti Miðhúsum. Þar austar og suður (svo) er lækur, er kemur úr Torfavatni í Miðhúsalandi. Þetta heitir **Rennsli** (73); þar sem það kemur fram í Voginn, heitir það **Kvísl** (74).

Vestan við Kvíslina, rétt við sjó, er Kvíslhöfði, eina býlið, sem enn er til utan heimabæjarins. Rétt norðan við bæinn er **Stórholt** (75), og austast í túni Kvíslhöfða er holt, sem heitir **Narfabæli** (76). Höfðinn, sem bærinn dregur nafn af og heitir **Kvíslhöfði** (77), er nú sunnan við bæinn, en áður stóð bærinn sunnan í honum eða upp á honum.

Sunnan við Kvíslhöfðann gengur vogur inn til vesturs og heitir **Langivogur** (78). Þessi vogur er nú að gróa upp. Sunnan við voginn hækkar svo landið aftur. Verða nú tekin nöfn, sem til eru á því svæði.

Austarlega á því eru rústir, sem nefndar eru Einarsneskot, og norðan við kotið heitir **Nátthagi** (79). Sunnan við Einarsneskot er hvilft inn í landið, sem heitir **Bjarnanaust** (80). Þar fram af á leirunni er **Bjarnanaustarsker** (81). Enn vestar er svo önnur vík dýpri inn í landið, er heitir **Ásdísarvík** (82). Þar hæst vestur af eru **Tangahólar** (83). Þar var kotið Tangi, eða **Álftanestangi** (84), beint suður af bænum. Fram undan Tanganum er klettur, er heitir ekki neitt sérstakt, en hann er vörn gegn landbrotinu. Syðst niður af túninu í Tanga er **Lending** (85). Vestur af henni er **Tanganes** (86). Í honum (Tanga?) er rofabakki.

Grunnuvötnin höfum við talað um fyrr, en þar nokkru neðar, neðan við Óskiptuna, er svæði, sem nefnt er **Sandur** (87). Nú er þetta allt gróið land, en nafnið bendir á, að hér hafi verið sandur eða um sandfok að ræða. Nokkurn spöl suðaustur frá Barkarlæk er **Áveituskurður** (88), er liggur niður úr Vestra-Grunnavatni niður á engjastykki, er heitir **Vogur** (89) og liggur inn af Sauðhúsavogsbotni. Neðarlega með þessum skurði, suðaustanmegin við skurðinn, er klettastapi, er heitir **Böðvarsstekkur** (90). Suðaustur frá Böðvarsstekki er **Sigmundarstekkur** (91) á Sandinum, og milli þeirra er holt, kúpt í lögum, er heitir **Bylgjuholt** (92). Þetta er allt að Sandinum, og hann nær upp að Grunnuvötnum.

Á milli Kvíslhöfða og **Álftanesvirkis** (93) er **Vogur** (94). Inn af botni hans er **Fit** (95), og lægðin inn í landið, norðvestan við Kvíslhöfða og suðaustan við Skollhól, heitir **Vogsbotn** (96). **Skollhóll** (97) er rétt vestur undan bænum, næst Fitinni, og enn vestar er **Tangagrafarholt** (98). Vestur undir Barkarlæk er **Torfholt** (99), og niður af því er grashóll, er heitir **Torfhóll** (100). Þetta er vestur undir Vog; svo eru **Stapar** (101) norður af Álftanestúni.

Næst er það túnið. Að baki þess, sem kirkjan er, er nú nefnt **Litla-Virki** (102). Þar vestur af, vestast í túninu, er mýri, sem nefnd er **Tjarnarsund** (103). Þar var einu sinni tjörn, og sagt er, að eitt sinn hafi líkfylgd horfið niður öll. Austast í túni eru hæðir, sem heita **Arnarbæli** (104). Sagt er, að þar hafi verið býli til forna. Hæðin norðaustur af bænum heitir **Virki** (105). Af henni er mjög víðsýnt, og upp á henni hafði eitt sinn verið vindmylla, þar

sem nú er vörðubrot. Vestur af Virkinu og austur af kirkjunni er svæði, sem nefnt er **Virkisvöllur** (106).

Skarð er, þar sem gengið er austur úr Virkinu, sem nefnt er **Prammaskarð** (107), og sunnan við það, austan í Virkinu, er **Prúðukinn** (108). Næst er **Bárðarskarð** (109); það er við kirkjugarðinn. Trúlegt, að Bárður, sem bjó í Einarsneskoti, hafi gengið þar um. Loks er vestasta skarðið, sem heitir **Götuskarð** (110). Það er fært fyrir hest. Þá leið kom fólkið úr Tanganum, þegar það kom heim.

Vestan við túnið er holt, sem heitir **Kvíaholt** (111). Þar sér fyrir kvíum. Vestan við það er nefndur **Hrosshagi** (112). Þar er klettur, sem heitir **Helguhóll** (113). Þar hefur Haraldur flogizt á við huldukonur, frekar tvær en eina, dreymt huldufólk og séð huldufólkið í björtu. Í **Sauðhúsvog** (114) rennur Barkarlækur, og austan við Sauðhúsvog eru **Nóntangar** (115).

Í flæðarmáli við heimri enda Hrosshaga er **Flókapollur** (116). Rétt hjá honum, í fjörunni, eru **Flókapollssker** (117). Reyndar getur vel verið, að þau séu komin í kaf í sand. Vestur frá bæ er stór eyja austan megin við Sauðhúsvog, sem heitir **Búðarey** (118). Þetta er klettaey úti á leirunum. Syðst vestan við Sauðhúsvog eru Nóntangar, sem fyrr eru nefndir, og vestan við þá er lítil grastorfa, nefnd **Litlatorfa** (119). Vestur af Nóntöngum er **Kúaldarey** (120). Hún er alllandföst um fjöru, aldrei umflotin, nema um stórstraum; vestur af Nóntöngum, alveg út við röst, er **Kóranes** (121). Norðaustur af því gengur svo **Króknes** (122).

Sundið, sem aðskilur Kóranesið frá Straumfjarðarlöndum, heitir **Röst** (123). Í henni er hólmi, sem heitir **Lynghólmi** (124). Inni á fjörunum austan til eru hólmar, sem heita **Vörðuhólmar** (125). Upp með Röstinni er nes alllangt, er heitir **Veitunes** (126).

Milli Veitunessins og Króksness er vik, er heitir **Veitunestjörn** (127). Þetta er tjarnstæði. Framarlega í nesinu er klettur með vörðu á, sem nefnd er **Varða** (128). Svo var annar klettur í nesinu, sem líka var kallað ferja á (svo) og var nefndur **Kletturinn** (129). Norðvestan við nesið er nefndur **Strenghólmi** (130); er fram af Veitunestánni.

Í Veitunesi er stakur klettur, grasi gróinn að ofan; heitir **Veituklettur** (131), og **Stekkjarholt** (132) liggja eftir endilöngu nesinu. Þar var stekkur frá Nauthólum. Norðaustan við Veitunesið eru kölluð **Þrengsli** (133). **Strengurinn** (134) er kallað milli landanna norðan við Röstina. Í Þrengslum eru hólmar, sem nefndir eru **Þrengslahólmar** (135). Ef farið er norðaustan við Veitunesið, eru austanvert í nesinu **Valdavaðsklettur** (136). Svo eru **Valdavaðstangar** (137) sunnarlega, gegnt klettum í Nauthólum. Austur af Valdavaðsklettum er **Valdavað** (138), suður af Þrengslum, yfir **Nauthólavík** (139), en í henni eru svo, eins og

hólmi, **Nauthólar** (140). Þar var einu sinni býli fyrir aldamót. Nauthólar voru einu sinni landfastir, en eru nú hólmi úti í Nauthólavík. **Nónholt** (141) er við sunnanverða Nauthólavík. **Gloppa** (142) er holt norðvestan við **Sauðhúsavog** (143). Þetta er nokkuð langt holt frammi á fjörusandinum.

Norðvestan við Sauðhúsavoginn eru Sauðhús, nú nefnd **Stekkur** (144). Þar er grænn hóll rétt við veginn. Heldur ofar er holt, sem heitir Letiskarðsholt (145) og í því er **Letiskarð** (145a). Þar hvíldi sig oft aldraður sauðamaður frá Álftanesi. Þetta skarð er móts við ósinn á Barkarlæk í Sauðhúsvoginn. Austan við beitarhúsin er **Stóravarða** (146). Er þá lítið um nöfn upp að Vestra-Grunnavatni; austan við Barkarlæk er **Einbúi** (147), nokkuð ofarlega. Ásinn, sem beitarhúsin standa á, heitir **Húshólar** (148), og framhald af þeim til suðvesturs, aðskilið af smámýrarsundi, er **Skothús** (149). Norðan við þessa hóla er **Plaggsholt** (150). Norðar og austar er svo **Kvígildiskot** (151); þar er gömul kofarúst. Vestur af Grunnvötnum eru stór klettaholt með vörðum á, sem heita **Geldingaskjól** (152).

Þá er að fara aftur niður að Nauthólavík, vestur frá Sauðhúsum. Þá er fyrst **Nauthólafit** (153), upp af Nónholti og nær suður að Gloppu; **Fitjartangi** (154) er þar norðvestur af, austan við botninn á víkinni, þá vestur á bóginn (svo). Norðan við víkina er kelda, sem heitir **Bolakelda** (155), og **Bolakelduholt** (156). Vestar er þar næst **Langitangi** (157), er gengur þar fram vestan við víkina, gegnt Nauthólum. Þá er næst **Fráfæruhólmi** (158); hann er í Nauthólavík, rétt aðskilinn frá landi. Næsti tangi heitir **Valdavaðstangi** (159). Þess má geta, að hér er ströndin móti Þrengslunum alsett smátöngum, og heildarnafn á svæðinu er **Tangar** (160). Norður af Valdavaðstanga er hóll, er heitir **Grímshóll** (161). Á honum eru tvær vörður. Sunnan við Tangana svonefndu er Nauthólafitin fyrrnefnda, en norðan við þá er vík inn í landið, sem heitir **Grímshólsvík** (162). Vestur af hólnum eru tveir hólmar, er heita **Grímshólmar** (163), og norður af þeim er eyja, nokkuð stærri, er heitir **Grímshólsey** (164), og norðan við eyjuna er lítill hólmi, er heitir **Þorsteinshólmi** (165). Norður af Grímshól er svo víkin, sem fyrr hefur verið nefnd. Þar austur af eru **Tvívörður** (166), holt, sem er þarna nokkuð uppi á mýrunum. Þetta hér talda er allt frá beitarhúsunum, sem fyrr eru nefnd, í vesturátt. Norðan við Grímshólsvík er tangi, sem heitir **Malartangi** (167). Þetta er malarrif út í **Þorsteinsey** (168) eða Þorsteinshólma, en það er klettaey.

Þá er komið vestur fyrir botninn á keldu, sem heitir **Svörtubakkakelda** (169), sem er ofan úr flóa og fram á leir, en botn hennar er milli Tvívarðanna og Malartanga. En vestan við ós keldunnar er tangi, er heitir **Digritangi** (170), og skammt þar vestar er einn tanginn enn, er heitir **Fagurhóll** (171). Þetta er hvort tveggja milli Svörtubakkakeldu að sunnan og **Finnsneskeldu** (172) að norðan; þessi kelda er á merkjum móti Straumfirði. Finnsneskeldan

kemur í tveim ósum fram á leirana; vestri álman ræður þar, en milli þeirra er svo nesið **Finnsnes** (173). Það verður því þannig næstum því eins og hólmi. Þetta er norðvestur frá Geldingaskjólum, sem fyrr hafa verið nefnd.

Í stefnu til norðausturs frá botni Finnsneskeldu eru holt, er heita **Þorsteinsholt** (174). Þau eru á merkjum Álftaness, Straumfjarðar og Vogalækjar. Austur af Finnsneskeldu er holt, sem heitir **Miðleiðir** (175). Það er mitt á milli Geldingaskjóls og Þorsteinsholts og er þarna á dálitlu barði, er heitir **Hallar** (176). Norðaustur frá Geldingaskjóli er holt, sem heitir **Svarthúfuholt** (177).

Þá fer nú að nálgast Fornasel aftur. Norður af Fornaselstúni eru **Jókuholt** (178); í beinni línu af þeim taka svo við **Lönguásar** (179). Frá Þorsteinsholti, sem fyrr er nefnt, er merkjalínan yfir þveran flóa til austurs í **Vörðuholt** (180) eða **Vörðuhól** (181). Það er hátt holt, keilumyndað; er nú rétt norðan við þjóðveginn. Þar fannst gamalt pálblað 1909. Suðvestur af því eru nokkrir lágir, langir ásar, er heita Lönguásar. Meðfram þeim að norðanverðu er fenjaspilda, sem heitir **Lönguásaflog** (182), og suðaustur af þeim var mikið af fenjum, sem nefnd voru **Illiflói** (183). Hann hefur nú verið ræstur fram í Vestra-Grunnavatn gegnum **Fornaselskeldu** (184). Þá er það frá Vörðuhól til suðausturs í ása, sem heita **Grensásar** (185). Þeir eru tveir og snúa samhliða. Þá er farið þaðan til norðvesturs að Hólsvatni, sem fyrr er talað um. Vestast er þar vík, er heitir **Ánastaðavík** (186). Suðaustur af Grensásum, næst sunnan við Ánastaðavík, eru tveir tangar með klettum fremst, er heita **Hrístangar** (187). Svo er vík, og nokkuð sunnar með vatninu er tangi, nokkuð breiður, er heitir nú **Þórarinstangi** (188), mun áður hafa heitið **Smjörtangi** (189). Þarna er klettahnúkur fremst, en Þórarinsnafnið er eftir manni, er bjó í Fornaseli og átti slægjur á vatnsbakkanum. Nú er lítið hrís eftir í Hrístanga.

Þá er eftir nokkuð af skerjum og smáeyjum; aðallega eru það sker, sem ekki fjarar í. Austast og næst landi er **Skiptisker** (190). Þar upp undan er í fjörunni **Langitangi** (191), gengur lengst fram af skerjunum, fer í kaf um allar flæðar. Svo er vestur af Skiptaskeri **Hundanaggur** (192), og þar suður af er sker, er heitir **Fiskisker** (193). Rétt vestan við Tanga er smáeyja eða sker, er heitir **Skútur** (194), og **Óssker** (195) er í ósnum heima við bæ. Þar fram af eru tvö sker, er heita **Stóra-Vestursker** (196) og **Litla-Vestursker** (197). Vestur af Skútum fyrrnefndu er grasi gróin eyja, sem heitir **Tangaey** (198), og langt þar til suðurs er sker, sem heitir **Lamasker** (199), og við það sker er talið, að mynni Borgarfjarðar byrji.

Suður frá Kúaldarey, sem fyrr er talin, eru svo þessi sker, nokkurn veginn til suðurs: Fyrst er **Vetrungasker** (200); aðeins sunnar og vestar er annað nokkuð stærra, er heitir **Lundhólmi** (201). Vestur af honum eru **Skoreyjar** (202); þær eru tvær, og **Skoreyjarnaggur**

(203). Norðvestur af þeim, suðaustur af Lundahólma, er **Sigurðarsker** (204). Suðvestur þaðan er svo **Flyðrusker** (205), og beint vestur af því er **Hnokki** (206), þar sem franska hafrannsóknarskipið fórst. Suður af Flyðruskeri og vestur af Lamaskeri, nokkuð langt, er **Skarfaklettur** (207). Norðaustur af honum er **Sigurðarklettur** (208), og milli þeirra er **Klettssund** (209). Suðaustur af Skarfakletti eru tvö sker, **Bjarnasker** (210), og suður af þeim **Grænhólmi** (211).

Suður af Kóranesi eru **Drangsker** (212); upp af þeim er nefnt **Drangskersholt** (213); það eru klappir. Vestur af Drangskerjum er svo **Dritsker** (214).

Vestur af Hnokka, sem fyrr er talinn, er sker, sem heitir **Svartarfles** (215). Alllangt til suðvesturs þaðan er **Breiðasker** (216), og enn vestar er **Mjóasker** (217). Vestan þess er sund, sem heitir **Mjóasund** (218), og vestan þess er **Pormóðssker** (219). Á því er **Pormóðsgnípa** (220). Um þessi nöfn eru ýmsar sögur, sem eru skráðar bæði í þjóðsögum og annars staðar.

Eftir sóknalýsingu, sem til er frá 1873, eru hér nokkur fleiri nöfn út í sjó: Vestan til við mynni Borgarfjarðar, suður af Tanga, eru þessir boðar: **Lamaboði** (221) er skammt landnorður af Grænhólma, skammt suður af honum **Lúsálsboði** (222) eða **Bótarboði** (223). **Andrésarboði** (224) eða **Andrésarflaga** (225), skammt suðvestur af Tanga. Svo eru í þessari röð, skammt suðvestur af Skarfakletti, **Dílaboði** (226), **Miðboði** (227) og **Innstiboði** (228). Skammt norður af þessum boðum eru **Lengjuboðar** (229), og **Álaboði** (230) er milli Breiðaskers og Svartarflesjar.

Stafrófsskrá örnefna

Álaboði 230	Fornasel 4, 38
Álftanestangi 84 = 1	Fornaselsás 44 = 45
Álftanesveita 34	Fornaselskelda 184
Álftanesvirki 93	Fráfæruhólmi 158
Ánastaðavík 186	Fúkkastapi 26
Andrésarboði 224 = 225	Geldingaskjól 152
Andrésarflaga 225 = 224	Gloppa 142
Arnarbæli 11	Gránuvarða 51
Arnarbæli 104	Grensásar 185
Ásdísarvík 82	Grímshóll 161
Áskelda 46	Grímshólmar 163
Áveituskurður 88	Grímshólsey 164
Bárðarskarð 109	Grímshólsvík 162
Barkarlækur 65	Grunnavatn, Eystra- 42
Bjarnanaust 80	Grunnavatn, Vestra- 57
Bjarnanaustarsker 81	Grunnuvötn 56
Bjarnasker 210	Grænhólmi 211
Ból 17 = 18	Götuskarð 110
Bolakelda 155	Háistapi 25
Bolakelduholt 156	Hallar 176
Bólheiði 18 = 17	Helguhóll 113
Bólkelda 31	Hnokki 206
Bótarboði 223 = 222	Hólsvatn 15
Breiðasker 216	Hrístangar 187
Búðarey 118	Hrosshagi 112
Bylgjuholt 92	Hundanaggur 192
Böðvarsstekkur 90	Húshólar 148
Digritangi 170	Illiflói 183
Dílaboði 226	Ingusel 49
Drangsker 212	Inguselsbakki 54
Drangskersholt 213	Inguselsholt 53
Dritsker 214	Innstiboði 228
Eiði 58	Jókuholt 178
Einarsneskot 2	Jónsás 33
Einbúi 147	Kjóaklöpp 43
Engjaásar 37	Klettssund 209
Eystra-Grunnavatn 42	Klettur(inn) 129
Fagurhóll 171	Kolalækur 40
Finnsnes 173	Kolás 45 = 44
Finnsneskelda 172	Kóranes 121
Fiskisker 193	Kríuás 30
Fit 95	Kríuás 59
Fitjartangi 154	Kríuáshólmar 60
Flaga 67 = 68	Króknes 122
Flókapollssker 117	Kúaldarey 120
Flókapollur 116	Kúaskarð 20
Flyðrusker 205	Kúluásar 24

Kvíaholt 111
 Kvígildiskot 151 = 18
 Kvígindiskot 18 = 151
 Kvísl 74
 Kvíslhöfði 3
 Kvíslhöfði 77
 Kænuhóll 16
 Lamaboði 221
 Lamasker 199
 Langitangi 50
 Langitangi 157
 Langitangi 191
 Langivogur 78
 Lending 85
 Lengjuboðar 229
 Letiskarð 145a
 Letiskarðsholt 145
 Litlatorfa 119
 Litla-Vestursker 197
 Litla-Virki 102
 Lokkuholt 22
 Lundhólmi 201
 Lúsálsboði 222 = 223
 Lynghólmi 124
 Lækjarbotn 41
 Lönguásafög 182
 Lönguásar 179
 Malartangi 167
 Miðboði 227
 Miðleiðir 175
 Mjaltásar 32
 Mjóasker 217
 Mjóasund 218
 Mjósundaholt 61
 Móholt 23
 Narfabæli 76
 Narfaholt 48
 Nátthagi 79
 Nauthólaflit 153
 Nauthólar 8
 Nauthólar 140
 Nauthólavík 139
 Nónholt 141
 Nóntangar 115
 Orfholt 47
 Óskipta 68 = 67
 Óssker 195
 Plaggsholt 150
 Prammaskarð 107
 Reiðholt 69
 Reiðholtasund 70
 Rennsli 73
 Röst 123
 Sandhús 5 = 6
 Sandur 87
 Sauðhús 6 = 5
 Sauðhús(a)vogur 114, 143
 Siggusel 7
 Sigmundarstekkur 91
 Sigurðarklettur 208
 Sigurðarsker 204
 Skarfaklettur 207
 Skiptisker 190
 Skollhóll 97
 Skoreyjar 202
 Skoreyjarnaggur 203
 Skothús 149
 Skútur 194
 Slátthólsrimi 64
 Sláttuhóll 63
 Smjörtangi 189
 Snöggholt 52, 66
 Staðarbakki 10 = 9
 Staðarhólmi 29
 Staðarstekkur 9 = 10
 Staðartangi 28
 Stapar 101
 Stekkjarborg 19
 Stekkjarholt 132
 Stekkur 144
 Stelpustapi 55
 Stórarvarða 146
 Stóra-Vestursker 196
 Stórholt 75
 Strenghólmi 130
 Strengur(inn) 134
 Svartarfles 215
 Svarthúfuholt 177
 Svörtubakkakelda 169
 Tangaás 21
 Tangaey 198
 Tangagrafarholt 98
 Tangahólar 83
 Tanganes 86
 Tangar 160
 Tangastekkur 62
 Tangi 1 = 84
 Tjarnarsund 103
 Tóatóftir 12
 Torfhóll 100

Torfholt 99
 Torfstapi 71
 Tvívörður 166
 Tögl 72
 Valdavað 138
 Valdavaðsklettur 136
 Valdavaðstangar 137
 Valdavaðstangi 159
 Varða 128
 Veita 34a
 Veituás 35
 Veituklettur 131
 Veitunes 126
 Veitunestjörn 127
 Vestra-Grunnavatn 57
 Vestursker, Litla- 197
 Vestursker, Stóra- 196
 Vetrungasker 200
 Vinaminni 39
 Vindás 36

Virki 105
 Virki, Litla- 102
 Virkisvöllur 106
 Vogsbót 96
 Vogur 89
 Vogur 94
 Vörðuhóll 181 = 180
 Vörðuhólmar 125
 Vörðuholt 180 = 181
 Þórarinstangi 188
 Þormóðsgnípa 220
 Þormóðssker 219
 Þorsteinsey 168 = 165
 Þorsteinshólmi 165 = 168
 Þorsteinsholt 174
 Þrengslahólmar 135
 Þrengsli 133
 Þrúðukinn 108
 Þúfur 27

ÖRNEFNASAFN